



Óskað eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar fyrir árið 2022.

Umhverfisnefnd veitir árlega umhverfisviðurkenningar völdum aðilum í Mosfellsbæ sem skarað hafa fram úr í umhverfismálum.

Tilnefningar má senda rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar eða með tölvupósti á mos@mos.is, og skulu berast fyrir 1. ágúst 2022.

Óskað er eftir tilnefningum frá almenningi um hver hljóta skuli þessa viðurkenningu nú í ár.

Umhverfisnefnd mun fara yfir innsendar tilnefningar að því loknu og veita þeim sem verða fyrir valinu viðurkenningar við sérstaka athöfn á bæjarhátíðinni í túninu heima í lok ágúst.

Hægt er að tilnefna einstaklinga, garða, götur, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ.



MOSFELLSBÆR

Tillaga að texta auglýsingar fyrir árið 2023

FLOTT UMHVERFI – TRÉ ÁRSINS - PLOKKARI ÁRSINS

Umhverfisnefnd óskar eftir tilnefningum frá almenningi vegna umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar fyrir árið 2023

Umhverfisnefnd veitir árlega viðurkenningu til aðila sem skarað hafa fram úr í umhverfismálum eða fegrað hafa umhverfið með eftirtektarverðum hætti.

Sérstök athygli er vakin á að þessu sinni er opnað fyrir tilnefningu í flokknum Plokkara ársins og Tré ársins til viðbótar við þá flokka sem tilnefnt hefur verið til fram til þessa svo sem garða, götur, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ.

Tilnefningar má senda rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar eða með tölvupósti á mos@mos.is og skulu berast fyrir 1. ágúst 2023.

Umhverfisnefnd veitir umhverfisviðurkenningar við sérstaka athöfn á bæjarhátíðinni í túninu heima í lok ágúst.